

Adolf Friðriksson og Garðar Guðmundsson


Fornleifakönnun á Glerárdal 2014



Fornleifastofnun Íslands

Reykjavík 2014

FS554-14101



Mynd á forsíðu: Á Glerárdal. Garðar Guðmundsson við uppmælingu á tóft Ey-291:033.

© Fornleifastofnun Íslands 2014

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Inngangur

Haustið 2014 annaðist Fornleifastofnun Íslands úttekt á fornleifum á deiliskipulagsreit á Glerárdal og við Glerárgil ofan Hlíðarbrautar á Akureyri, í tilefni af fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda á dalnum. Úttektin fólst í að kanna þrjú svæði:

Vestara deiliskipulagssvæði frá inntakslóni og að göngubrú yfir Glerá. Svæðið er norðan Glerár nema allra vestast þar sem lónstæði og stífla nær einnig yfir svæði sunnan Glerár.

Austara deiliskipulagssvæði í krika milli Hlíðarbrautar, Hlíðarfjallsvegur og Glerár, norðan Glerár.

Stæði fyrir fyrirhugaða pípulögn á milli deiliskipulagsreitanna. Á þessum kafla var tekið út 50 m belti beggja vegna við lögnina.

Athugaðir voru þekktir minjastaðir og leitað áður óþekktra minja. Sýnilegar minjar voru mældar upp og gerðir staðaruppdrættir. Teknar voru myndir af nokkrum stöðum úr lofti með fjarstýrðum dróna til frekari glöggvunar. Á uppdráttunum er sýnd innbyrðis afstaða minja og pípulagnar þar sem það á við og gefið eitt hnit á miðju minjastaðar.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir sá um undirbúning verksins, en Adolf Friðriksson og Garðar Guðmundsson vettvangsvinnu og úrvinnslu. Athuganir á vettvangi fóru fram dagana 4. – 6. október 2014. Í þessari skýrslu er greint frá árangri könnunarinnar.



Mynd 1. Yfirlitsmynd yfir rannsóknarsvæði á Glerárdal. Leitað var minja við fyrirhugaða pípulögn (breið blá lína) og skipulagsreitum (merktum með svörtu) austast og vestast.

Vestari deiliskipulagsreitir

Á vestari reitnum fundust minjar á fimm stöðum.

Tóftir í Sellandi innan Fríðuskálarlækjar – Selið Ey-291:015

Við vettvangsathugun á vestari skipulagsreitnum komu í ljós áður óskráðar minjar.


Aðaltóftirnar standa á nokkuð áberandi hól skammt ofan við þann stað sem fyrirhuguð pípulögn og vegur greinast í sundur, um 500 m frá inntakslóni. Aðaltóftin er aflöng og liggur frá NNA til SSV. Hún skiptist í 3 hólf og fast austan hennar er lítil ógreinileg tóft. Frálaus við suðurenda er önnur tóft. Um 80 m norðaustan við aðaltóftina vottar fyrir ógreinilegu veggjarbroti, sem gæti verið leifar af lítilli, ferhyrndri tóft. Eru þessar minjar líklega leifar af seli.

Miklar líkur eru á að þessar tóftir séu í raun leifar af Seli, eða Hlíðarseli sem svo er nefnt í söguminjaskrá Helga Hallgrímssonar¹: „Selið (Hlíðarsel?) nefnast tættur vallgrónar, í Byrgishvömmum rétt fyrir sunnan Byrgislækinn (niðri við Glerá). Óskemmdar.“² Við fornleifaskráningu 1998 var tóftanna leitað en þær fundust ekki. Við vettvangsrannsókn 2014 fundust heldur engar seltóftir rétt sunnan Byrgislæks, niðri við Glerá. Virðist hér eitthvað málum blandið. Milli Byrgislæks og Illagils sunnan hans heitir landið Selland og tóftirnar sem fundust 2014 liggja í því miðju. Þær eru niðri við Glerá, rétt um 100 m ofan við árbakkann, en


¹Söguminjaskrá, Eyjafjarðarsýsla. Handriteftir Helga Hallgrímsson, varðveitt á Minjasafninu á Akureyri, s.4.

²Sjá : Orri Vésteinnsson and Sædis Gunnarsdóttir (1998). Fornleifaskráning í Eyjafirði X: Fornleifar í landi Akureyrarnorðan Glerár. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

langt innan við Byrgislæk, eða um 700 m. Væri nær að lýsa staðsetningunni sem svo að tóftirnar væru skammt sunnan við Fríðuskálarlæk, en báðir lækirnir renna úr Hlíðarskál.



Mynd 2. Tóftir innan Fríðuskálarlækjar, að öllum líkindum leifar Hlíðarsels (Ey-291:015).




Mynd 3. Þúst, möguleg forn mannvirki. Skammt sunnan Byrgislækjar (mögulega Ey-291:022).

Við Byrgislæk

Byrgislækur fellur úr Hlíðarskál, svo sem áður er nefnt. Örnefni sem þetta gæti vísað til þess að í námunda við lækinn hafi verið e.k. mannvirki, s.s. smalabyrgi. Við fornleifaskráningu sumarið 1998 fundust engar minjar um það (Ey-291:022). Vettvangsathugun nú leiddi í ljós að skammt innan við lækinn (nær á mótis við 1100 m á fyrirhugaðri pípulögn) er dálítill þúst. Óvíst er að hún sé leifar af fornu mannvirki. Þótt fyrrgreind lýsing af legu Selsins „rétt fyrir sunnan Byrgislæk“ eigi ágætlega við þennan stað, þá er þessi þúst ekki vallgrónar tóftir, óskemmdar, eins og segir í lýsingu Helga, og heldur ekki „niðri við Glerá“, heldur uppi í brekkunum, tæpum 200 m frá ánni. Ekki er útilokað að þústin sé leifar af byrginu sem lækurinn er nefndur eftir. Er hennar getið hér vegna nálægðar við fyrirhugaða lögn.

Ey-291:014 Fremri-hús/Hlíðarbeitarhús beitarhúsatóft.


Í söguminjaskrá Helga Hallgrímssonar eru nefnt Hlíðarbeitarhús, sem einnig hafa verið kölluð Torfnahús og Fremrihús³. Þau eru á Torfum við Glerárgil, skammt utan við Byrgislæk. Tóftir beitarhúsanna voru skráðar við fornleifaskráningu 1998⁴. eru þær um 80 m neðan við veginn inn Glerárdal og við brún gilsins sem Byrgislækur fellur um. Fyrirhuguð þípulögn mun liggja um 50 m vestan við beitarhúsin.



Mynd 4. Ey-291:014. Fremri-hús/Hlíðarbeitarhús.

³Helgi Hallgrímsson, samaheimild, s. 5.


⁴Orri Vésteinsson and Sædís Gunnarsdóttir (1998). Fornleifaskráning í Eyjafirði X: Fornleifar í landi Akureyrarnorðan Glérár. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.



Mynd 5. Áður óþekkt tóft innan Torfnalækjar (nefnd Ey-291:032).

Áður óþekkt tóft innan Torfnalækjar

Við vettvangsathugun 2014 kom í ljós tóft sem hefur ekki verið getið í öðrum heimildum svo kunnugt sé. Tóftin liggur á mel skammt innan við Torfnalæk og neðan við vegarslóðann inn dalinn. Hún er aflöng, snýr NA-SV, og skiptist í allmörg hólf, a.m.k. 5, en er opin eða hugsanlega skemmd í norðurenda. Op er á suðurgafli. Tóftin liggur um 40 m norðvestan við fyrirhugaða pípulögn. Hefur henni verið gefið númerið Ey-291:032.




Mynd 6. Ey-299:006. Leifar Fremra Eyrarlandssels.

Ey-299:006. Fremra Eyrarlandssel

Í söguminjaskrá Helga Hallgrímssonar er getið tófta við Fremri-Hlífá austan megin í Glerárgili. Tóftirnar voru skráðar við aðalskráningu minja á dalnum 1997. Liggja þær austast í skipulagsreitnum (sjá teikningu) en fjarri fyrirhuguðum framkvæmdum.


Minjar við pípulögn



Mynd 7. Ey-297:007. Glerárbeitarhús.

Ey-297:007 Glerárbeitarhús

Í söguminjaskrá Helga Hallgrímssonar eru nefndar tóftir af Glerárbeitarhúsum. Þær eru syðst á Glerármelum, skammt austan við afleggjara frá Glerárdalsvegi upp á Skíðahótelveginn. Tóftirnar voru skráðar við aðalskráningu minja 1998 og er talið að þær séu hinar sömu og beitarhúsin sem kölluð eru Heimari hús (Ey-297:008).



Mynd 8-9. Óþekktar tóftir í hvammi við Glerárgil (Ey-291:033).




Óþekktar tóftir í hvammi við Glerárgil á mótis við skála á akstursípróttasvæði.

Við vettvangsathuganir vegna pípulagnarinar komu í ljós tóftarbrot í grónum hvammi á brún Glerárgils. Tóftin er mjög fornleg og sokkinn. Greinilegust er ferhyrnd, aflöng tóft, sem snýr NA-SV og er um 10 m á lengd og 6 m á breidd. Landið í kring er mjög þýft, en svo virðist sem e.k. garðlag liggi austan við tóftina og áfast við suðvesturhorn hennar. Minjarnar eru um 40 m austan við fyrirhugaða pípulögn. Þeim hefur

verið gefið númerið Ey-291:033.

Eystri skipulagsreitur



Ey-Mynd 9. 297:009 – Glerárrétt.

Ey-297:009 - Glerárrétt

Við aðalskráningu fornleifa árið 1998 voru leifar Glerárréttar skráðar. Er hún einu minjarnar sem fundust á eystri deiliskipulagsreit, eða öllu heldur í vesturjaðri hans. Réttin er talsvert skemmd og er suðurendi hennar mjög ógreinilegur.

